

Fundagerð

Samráðsfundur



Efni fundar: Fyrirhugaðar breytingar á akstri leiða 72 og 73

Funagestir: Hulda Rós Bjarnadóttir, Friðrikka Jóhanna Hansen, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór, Ingunn Jónsdóttir, Sylvía Karen, Lína Björg Tryggvadóttir og Rebekka Lind Guðmundsdóttir (í stað Fjólu og Guðmundar).

Fundaritari: Hulda Rós Bjarnadóttir og Friðrikka Jóhanna Hansen

Inngangur fundar

Hulda opnar fundinn og fer yfir tilefni fundar og ástæðu þeirrar stöðu sem komin er upp. Friðrikka fer yfir tölfræði fyrir leiðir 72 og 73.

Síða 1/2

Umræður

Lína – Tímasetningar á akstursleiðunum eru ekki að virka saman og ekki er komið að þeim þörfum sem þarf. Spurt hvort hægt sé að miðla málum við Vegagerðina og fundið samlegðaráhrif?

Hulda – Vegagerðin er ávallt tilbúin í að skoða samstarf við sveitarfélög og menntastofnani. Tekur vel í þá hugmynd.

Ingunn - Leitt ef það var ráðuneytið sem tók endanlega ákvörðun án samráðs og samtals við sveitarfélögin.

Ásta – Það er grundvallaratriði að stjórnvöld viti að FSU var áður með skólaakstur. Þegar strætó byrjaði var skólaakstur lagður af og tvinnuður inn í akstur strætó. Hefur verið rætt við FSU?

Vegagerðin – FSU hefur verið upplýst um breytingar á akstursleiðum, já. En engin formleg samskipti varðandi málið hefur átt sér stað milli Vegagerðarinnar og FSU.

Ingunn - Heyrði í skólastjóranum og upplýsti þau um stöðu mála. Skólastjóri fær allar upplýsingar af heimasíðu Strætó og segir mikið af fyrirspurnum berast vegna málsins frá nemendum.

Hulda – Fer yfir að Vegagerðinni var gert að ræða ekki niðurskurð við hagaðila fyrr en niðurstaða liggi fyrir hjá innviðaráðuneytinu.

Haraldur - Stoppistöð við Þjórsárdalsafleggjara var aflögð þrátt fyrir hörð mótmæli. Ekki er heldur lengur heimavist á Selfossi. Óskar eftir svörum af hverju ekki er hægt að stoppa áfram við Þjórsárdalsveg.

Hulda - Stoppistöðin var felld á brott meðal annars vegna athugasemda lögreglu, en stoppistöðin uppfyllti ekki umferðalög. Reynt var að finna annan

Vegagerðin

stað, lóðir í einkaeigu koma til greina en samtal við landeigendur ekki hafið. Vinnan því miður ekki komin lengra.

Haraldur – Ákvörðunin var alfarið tekin án þess að eiga samráð við hagaðila.

Hulda – Fer yfir stöðu fjármagns til stoppistöðva. Að fella brott stoppistöðvar er neyðarúrræði líkt og í þessu tilfelli.

Lína – Virkt samtal við notendur skiptir sköpum. Ítreka að þetta snerti rétt ungmenna til náms og ekki sé hægt að taka þann rétt af þeim.

Ingunn – Hefur verið rætt hvað hægt sé að gera í stöðunni og hverju sé hægt að hnika, ef það er hægt?

Friðrikka – Gögnin sýna að mesti fjöldinn er að sækja inn á Selfoss. Flestir vilja ferðast á sama tíma á morgnanna, svo önnur leiði til baka (nota annan ferðamátí). Það sést á leiðum 72 og 73 hvaðan og hvert mesti fjöldinn er að fara.

Hulda – Fer yfir að stærsti kostnaðarliður á rekstri akstursleiðanna er vagnagjald og að það sé dýrt á báðum leiðunum.

Ingunn - Sammála því að mikilvægt er að ná krökkunum í skólann. Leggur til að fá fulltrúa frá FSU.

Ásta - Tekur undir mikilvægi að forgangur sé FSU. Það geta ekki allir reddað sér heim. Margir sem stóla á almenningssamgöngur.

Hulda – Leggur til að Vegagerðin verði með verkefnafund næsta miðvikudag ásamt Línu hjá SASS. Einnig að bjóða tengilið FSU að vera með á fundinum. Næsti samráðsfundur með öllum fundagestum yrði í framhaldinu föstudaginn 21 ágúst þar sem lagðar yrðu fram mögulegar sviðsmyndir út frá niðurstöðu verkefnafundarinnar.

Haraldur – Hvert er fjármagnið fyrir þessar akstursleiðir.

Vegagerðin – Eru ekki með þær tölur við hendina en mun finna þær til.

Rebekka - 5-6 nemendur ferðuðust síðasta vetur með vagninum í FSU frá Borg og Brautarholti. Þetta skólaárið verða fleiri núna sem vilja nota hann. Samfélagið fer stækkandi.

Niðurstaða fundar

Vegagerðin hefur samband við FSU og óskar eftir tengilið, sendir út fundaboð fyrir verkefnafund miðvikudaginn 19 ágúst, og samráðsfund 21 ágúst.

Fundi slitið